

Kennsluáætlun



Íslenska, haustönn 2018

7. bekkur

Kennarar: Ragnar Ingi Sigurðsson

Traust kunnátta í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel.

Lykilhæfni

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Námsefni

Kennsluáætlunin byggir á þeim viðmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá grunnskóla.

Rökkurhæðir, Ófriður e. Mörtu Hlín Magnadóttur og Birgittu Elínu Hassell; *Orðspor 2, lesbók og vinnubók* e. Ásu Marin Hafsteinsdóttur og Kristjönu Friðbjörnsdóttur; *Söguskinna, Töfraskinna og Flökkuskinna* e. Eddu Pétursdóttur og Þórdísi Gísladóttur; *Mál er miðill* e. Kolbrúnu Sigurðardóttur og Þóru Kristinsdóttur; *Finnbjörg* e. Svanhildi Kr. Sverrisdóttur; ljósritað efni frá kennara.

Auk þess skulu nemendur velja sér frjálslestrarbækur á íslensku (í samráði við kennara) fyrir yndislestur.

Námsmat

Lestur og lestrarskráning: 15%

Ritun: Safnmappa og sýnisverkefni 15%

Málfræðikönnun I og II: 30%

Lesskilningsverkefni: 15%

Framsögn: 10%

Vinnueinkunn: 15%

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
24. ágúst – 21. sept. 1. lota	<i>Ritun</i> Að geta samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar og reynslu. Að hafa náð valdi á stafsetningarreglum um y/ý/ey, ng/nk, tvöfaldan samhljóða, stóran og lítinn staf og n/nn. Að hafa náð valdi á punkti, kómmum í upptalningu og spurningarmerki. <i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.	Ritun: Útikennsla, ljóðagerð og skapandi skrif, yfirferð texta og frágangur Yndislestur: Bók að eigin vali	Safnmappa og sýnisverkefni Lestrarskráning
11.-21. sept. 2. lota	<i>Lestur og bókmenntir</i> Að geta lesið ólíka texta af öryggi og skilningi og greint aðalatriði. <i>Málfræði</i> Að greina hlutverk og helstu einkenni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.	Undirbúningur fyrir samræmd próf	
24. sept.-12. okt. 3. lota	<i>Málfræði</i>	Málfræði og málnotkun: <i>Orðspor 1, vinnubók</i>	Málfræðikönnun

	<p>Að greina hlutverk og helstu einkenni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p><i>Ritun</i></p> <p>Að geta beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Orðarýni með aðferðum <i>Orðs af orði</i></p> <p><i>Mál er miðill</i></p> <p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>15. okt.-16. nóv.</p> <p>4. lota</p>	<p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks.</p> <p>Að geta greint og fjallað um aðalatriði í texta.</p>	<p>Bókmenntir:</p> <p><i>Rökkurhæðir</i></p> <p>Verkefni með bók</p>	<p>Verkefnavinna og lokaverkefni</p> <p>Orðarún: Lesskilningskönnun</p>
<p>19.-30. nóv.</p> <p>5. lota</p>	<p><i>Málfræði</i></p> <p>Að geta gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.</p> <p>Að geta notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Málnotkun:</p> <p><i>Orðspor 2</i>, lesbók og vinnubók</p> <p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>03. des.-19. des</p> <p>6. lota</p>	<p><i>Talað mál, hlustun og áhorf</i></p> <p>Að geta tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.</p>	<p>Framsögn:</p> <p>Ýmis verkefni frá kennurum</p>	<p>Kennaramat, sjálfsmat og foreldramat</p>

	<p>Að geta tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og tekið þátt í samræðum og rökræðum.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Lestrarskráning</p>
<p>4. jan.-18. jan.</p> <p>7. lota</p>	<p><i>Málfræði</i></p> <p>Að greina hlutverk og helstu einkenni nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p><i>Lestur og bókmenntir</i></p> <p>Að geta valið sér lesefni til ánægju og gert sér grein fyrir mikilvægi lestrar.</p>	<p>Málfræði:</p> <p><i>Orðspor 1</i></p> <p>Efni frá kennara</p> <p>Yndislestur: Bók að eigin vali</p>	<p>Málfræðikönnun</p> <p>Lestrarskráning</p>

Birt með fyrirvara um breytingar.